

Þjónustusamningur

Menntamálaráðuneyti, hér eftir nefnt verkkaupi, gerir samning við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, hér eftir nefnt verktaki, um framkvæmd samninga við rétthafa og útgefendur um landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.

Hlutverk verktaka:

1. Ber ábyrgð á stefnumótun um landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum fyrir Ísland og framkvæmd hennar.
2. Gerir samninga við birgja um landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Hann fylgist með alþjóðlegri þróun varðandi rafræn gagnasöfn og metur, í samráði við stjórnarnefnd og verkkaupa, þörf og eftirspurn eftir rafrænum gagnasöfnum til undirbúnings ákvarðana um endurnýjun og/eða nýja samninga.
3. Sér til ráðgjafar skal verktaki hafa fimm manna stjórnarnefnd sem skipuð er fulltrúum sem tilnefndir eru á ársfundi af helstu greiðendum og hagsmunaaðilum landsaðgangs. Skipunin er til þriggja ára í senn.
4. Hlutverk stjórnarnefndar er að:
 - a. Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í landsaðgangi.
 - b. Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hvefrrar stofnunar.
 - c. Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
 - d. Taka þátt í og/eða fylgist með samningagerð við birgja.
5. Gerir bindandi samninga við íslenska greiðendur í samræmi við kostnaðarskiptingu (sbr. lið 4 b.) og annast innheimtu á greiðslum í samræmi við þá skiptingu.
6. Greiðir birgjum samkvæmt gerðum samningum og á samskipti við þá um öll framkvæmdaatriði.
7. Tryggir að aðgangur að gögnum sé í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið við hvern rétthafa. Í þessu felst annars vegar að sannreyna að notandi tilheyri þeim notendahópi sem á rétt á aðgangi og hins vegar að fræða notendur um þær reglur sem gilda um notkun gagnanna.
8. Heldur úti vef þar sem notendur geta fengið allar upplýsingar um þjónustu verktaka vegna þessa þjónustusamnings. Hann á samstarf við Landskerfi bókasafna og aðra hagsmunaaðila um að tengja rafræna gagnagrunna og tímarit við landskerfið. Hann heldur uppi tengslum við faghópa og fulltrúa netþjónustufyrirtækja (ISP), og annast kynningar á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í þeim tilgangi að auka notagildi þeirra. Hann hefur frumkvæði að útgáfu kynningarefnis, þ.m.t. á vef, námskeiðahaldi og fræðslu sem tengist rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.
9. Hefur eftirlit með notkun landsaðgangs og heldur til haga staðtölulegum upplýsingum um notkun rafrænna gagnasafna og tímarita.
10. Boðar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs til ársfundar fulltrúa verkkaupa og helstu greiðenda og hagsmunaaðila landsaðgangs, þar sem lögð er fram ársskýrsla og ársreikningur nýliðins árs um landsaðgang þar sem fram koma helstu lykiltölur varðandi kostnað og notkun.

Paul
Sæt

Hlutverk verkkaupa


11. Greiðir verktaka 35 m.kr. árið 2007 sem nýttar eru til að greiða kostnað verktaka vegna þjónustu hans skv. samningi þessum og niðurgreiðslur á samningum við birgja eftir ákvörðun stjórnarnefndar, og eru 31,2 m.kr. greiðslunnar inni í fjárframlagi til stofnunarinnar í fjárlögum 2007, en 3,8 m.kr. verða greiddar skv. reikningi. Næstu ár verður fjárframlag vegna samningsins 35 m.kr. auk verðlagsuppfærslu fjárlaga og verður greiðslan inni í fjárframlagi stofnunarinnar í fjárlögum. Ofangreint fjárframlag telst fullnaðargreiðsla verkkaupa til verktaka vegna verkefnisins.


Samningstími

12. Samningur þessi er ótímabundinn, en hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningnum með 12 mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.


Reykjavík, 28. desember 2006.


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Menntamálaráðherra


Sigrún Klara Hannesdóttir
Landsbókavörður

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:


Sigrún Klara Hannesdóttir


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir